



Reglur Orlofssjóðs LSS

1. gr. Nafn sjóðsins og heimili

Sjóðurinn heitir: Orlofssjóður LSS. Orlofssjóður LSS er eign LSS. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Sjóðfélagar

Sjóðfélagar í Orlofssjóði LSS eru félagsmenn LSS eins og þeir eru skilgreindir í 3. gr. laga LSS.

3. gr. Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að bjóða félagsmönnum LSS fjölbreytta möguleika í orlofsmálum allan ársins hring á sanngjörnu verði.

Til að ná þessu markmiði er sjóðnum heimilt að:

- eiga eða leigja orlofshús/orlofsaðstöðu víðsvegar um landið og einnig erlendis ef það er hagstætt.
- bjóða til sölu orlofstengdar vörur og þjónustu.
- niðurgreiða þjónustu og veita aukna afslætti til félagsmanna í orlofstengdum málum.

4. gr. Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru:

- iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt gildandi kjarasamningi hverju sinni.
- leigutekjur
- sölutekjur
- vaxtatekjur
- aðrar tekjur er til falla

5. gr. Stjórn og rekstur

Stjórn LSS er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á afgreiðslum, útleigu og kaupum orlofshúsa ásamt öðrum fjárreiðum sjóðsins. Eftir aðalfund LSS ár hvert skal stjórn LSS fela fjórum aðilum framkvæmdastjórn og einn til vara til setu í framkvæmdastjórn Orlofssjóðs LSS. Stjórn LSS skipar formann sjóðsins. Framkvæmdastjórn sjóðsins kys sér sjálf varaformann á fyrsta fundi hvers starfsárs. Framkvæmdastjórn starfar skv. erindisbréfi LSS. Framkvæmdastjórn sjóðsins heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skal það, er á fundunum gerist, skráð í sérstaka gerðarbók. Framkvæmdastjórn sjóðsins skal í störfum sínum hverju sinni taka mið af gildandi orlofsstefnu LSS og starfsreglum Orlofssjóðs LSS og leita sífellt nýrra leiða í orlofsþjónustu við félagsmenn LSS til að koma sem best til móts við mismunandi þarfir þeirra.



Stjórn LSS markar og samþykkir orlofsstefnu LSS en framkvæmdastjórn sjóðsins setur sjóðnum starfsreglur og breytir þeim eftir því sem þurfa þykir.

Framkvæmdastjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um daglegan rekstur og eignaumsjón sjóðsins í samráði við framkvæmdastjóra LSS og starfsmenn. Allar meiriháttar ákvarðanir um fjármál og eignir sjóðsins verður framkvæmdastjórn sjóðsins að leggja fyrir stjórn LSS til samþykktar.

Framkvæmdastjórn sjóðsins gerir tillögu um leigugjald fyrir gistingu sem sjóðurinn býður uppá til stjórnar LSS sem tekur endanlega ákvörðun hverju sinni.

Skrifstofa LSS sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði framkvæmdastjórnar sjóðsins.

Áfgreiðsla sjóðsins er á skrifstofu LSS og í gegnum orlofsvef LSS.

6. gr. Ávöxtun sjóðsins og kostnaður við rekstur hans

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með lágmarksáhættu. Allan beinan kostnað við rekstur sjóðsins ber sjóðurinn sjálfur. Þjónustusamningur er gerður við LSS varðandi rekstur orlofssjóðs.

7. gr. Reikningar sjóðsins og endurskoðun

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum LSS og skal hann endurskoðaður með sama hætti og aðrir sjóðir LSS.

Ársreikning sjóðsins skal leggja fram áritaðan af félagslegum skoðunarmönnum félagsins og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund félagsins. Reikningsár sjóðsins er það sama og félagsins.

8. gr. Sjóðurinn lagður niður

Hætti sjóðurinn störfum eða ákvörðun tekin um að honum verði slitið færast eignir hans í félagssjóð LSS.

9. gr. Gildistaka og breytingar á reglugerð

Reglugerð Orlofssjóðs LSS tekur gildi frá og með 14. janúar 2021. Reglum þessum má breyta á stjórnarfundi LSS.

Samþykkt í stjórn LSS 14. janúar 2021.